



Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti  
Lárus M.K. Ólafsson  
Arnarhvoli  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. maí 2006  
Tilvísun: 2006050005  
Bréfalykill: 50.13

### **Efni: Umsögn um drög að reglugerð um verndun lífríkis og vatnasviðs Þingvallavatns**

Vísað er til bréfs ráðuneytisins dags. 3. maí 2006 með tilvísun IVR06050004/17.140, þar sem óskað er umsagnar Orkustofnunar um framkomna beiðni umhverfisráðuneytisins um álit iðnaðarráðuneytisins á drögum að reglugerð um verndun lífríkis og vatnasviðs Þingvallavatns, og að stofnunin geri ef þurfa þykir tillögur um reglugerðarbreytingar í kjölfar erindisins.

Ákvæði í fyrirleggjandi drögum að reglugerð virðast eiga að gilda jafnt um alla hluta hins víðfeðma vatnasviðs Þingvallavatns, án tillits til mismunandi viðkvæmni einstakra svæða innan þess. Vísu má til hliðstæðu í mismunandi ströngum ákvæðum verndarsvæða vegna neysluvatns, þar sem strangari skilmálar gilda um grannsvæði heldur en fjarsvæði, og væri eðlilegt að notast við hliðstæða greiningu á viðkvæmni og stigskiptingu í ákvæðum fyrir tiltekin svæði á vatnasviðinu, í stað þess að setja allt undir einn hatt. Orkustofnun er tilbúin til að vinna stutt álit með almennum sjónarmiðum um grannsvæði og fjarsvæði við verndun stöðuvatna og straumvatna, sé eftir því leitað.

Hvað snertir einstakar greinar í drögunum má benda á eftirfarandi atriði, auk þess sem gerð er ein efnisleg athugasemd:

1. gr. Fyrsta setningin væri skýrari þannig: "Markmið reglugerðar þessarar er verndun lífríkis Þingvallavatns og vatnasviðs þess, og vatns á vatnasviðinu, í samræmi...."
3. gr. Í málsgrein með skilgreiningu á líffræðilegri fjölbreytni þarf að strika út tvær síðustu setningarnar með hugleiðingum höfundar.
4. gr. Spyrja má, hvort meginreglur þær, sem nefndar eru í tveimur fyrstu setningum/málsgreinum greinarinnar, séu framkvæmanlegar, og hvort ekki sé happadrygra að setja þær fram sem markmið, enda rekast þær t.d. beinlínis á við fjórðu og síðustu setningu/málsgrein greinarinnar.
6. gr. Ákvæði þessarar greinar með banni á annars vegar borun eftir vatni og hins vegar vinnslu auðlinda úr jörðu loka á framtíðarvatnstöku, sem er einmitt einn hvatinn að verndun vatnasviðsins. Á vatnasviði Þingvallavatns er vatnsforðabúr þéttbýlis á höfuðborgarsvæðinu í framtíðinni. Orkustofnun gerir því efnislega athugasemd við þessi ákvæði.
12. gr. Nauðsynlegt er að heimila viðeigandi landgræðslu eða aðrar aðgerðir gegn uppblæstri á vatnasviðinu. Skv. 8. gr. virðist að svo sé, en fyrsta málsgrein 12. gr. virkar afdráttarlaust á móti.

Virðingarfyllst

Kristinn Einarsson